

//Á döfinni//

...: Íþróttæfingar Garps:...

Mánudagar

kl. 14:20-15:30 Knattspyrna
KFR æfing fyrir 1.-7 bekk.
(Margrét Ólafsdóttir þjálfar)

Þriðjudagar

kl. 15:00-16:00 Glíma fyrir allan
aldur. Byrjar 19. sept.
(Kristinn G. þjálfar)

Frjálsar íþróttir byrja 10. okt.

kl. 18:30-19:30 Frjálsar íþróttir
(fyrir 9 ára og yngri)
(Haraldur Gísli Kristjánsson)

kl. 19:30-21:00 Frjálsar íþróttir
(fyrir 10 ára og eldri)
(Haraldur Gísli Kristjánsson)

Miðvikudagar

kl. 15:00-16:00 Kynning á
íþróttagreinum fyrir allan aldur.
(Sóley Margeirsdóttir þjálfar)

Fimmtudagar

kl. 15:00-16:00 Körfubolti
fyrir 6.-10 bekk.
(Bæring Guðmundsson þjálfar)

...:Samræmdu prófin:...

Samræmdu prófin verða lögð fyrir
nemendur í 7. bekk fimmtudaginn
21. og föstudaginn 22. september
í íslensku og stærðfræði. Vikuna á
eftir þreyta nemendur í 4. bekk
próf í íslensku fimmtudaginn 28.
og stærðfræði föstudaginn 29.
september.

...:Réttardagurinn:...

Réttardagurinn er 21. september
og er frí í skólanum þann dag, en
nemendur í 7. bekk sem þreyta
samræmt próf verða í skólanum
fram að hádegis.

...:Haustþing kennara:...

Föstudaginn 20. október er
haustþing kennara og þá eru
nemendur í fríi.

...:Myndir úr starfinu:...

//Fréttir frá Laugalandsskóla//

...: Við skólaupphaf :...

Fimmtugasta og níunda starfsár Laugalandsskóla er hafið. Sem og endranær var bæði eftirvænting og gleði meðal kennarahópsins og nemenda að hefja skólastarfið. Í ár eru ekki miklar breytingar á starfsmannahaldi en þó einhverjar. Við skólann tekur nú til starfa Sóley Margeirsdóttir, hún er með umsýgn í 5. og 6. bekk ásamt íþrótt- og sundkennslu. Þá snúa Ragna Magnúsdóttir og Kristín Sigfúsdóttir til baka úr sínum leyfum. Við kveðjum hins vegar Ingvaldi Eiríksdóttur og Huldu Brynjólfssdóttur og þökkum þeim kærlega fyrir þeirra góða starf í þágu skólans. Í mótuneytinu kveðjum við einnig og þökkum fyrir gott ár Hubertine Petru Kamphuis en í hennar stað kemur Ósk Sigurjónsdóttir. Átta nýir nemendur mættu í skólann í haust, þar af 7 í 1. bekk. Við bjóðum alla nemendur og starfsfólk skólans velkomna til starfa og hlökkum til vetrarins og alls sem við eigum eftir að nema saman. Ekki síður hlökkum við til góðs og ánægjulegs samstarfs við foreldra en það er margsannað að góð samskipti heimila og skóla eru lykill að farsælu námi barnanna okkar.



1. bekkur Laugalandsskóla 2017-2018

Christopher Máni Kristinsson, Eldey Eva Engilbertsdóttir, Freyja Dögg Vignisdóttir, Guðný Lilja Pálmadóttir, Heiða Hauksdóttir, Þorgeir Óli Eiríksson og Ævar Leví Pierreson

...:Kim M. Kimselius í heimsókn:...

Miðvikudaginn 6. september kom sænski rithöfundurinn Kim M. Kimselius í heimsókn í skólann. Hún ræddi við nemendur í 9. og 10. bekk um bækur sínar og tildrög þeirra. Kim hefur skrifað 45 bækur sem hafa verið þýddar yfir á sex tungumál. Dæmi um bækur sem hún hefur skrifað eru Aftur til Pompei, Svarti dauði og Fallöxin.



Þetta var einstaklega skemmtileg heimsókn sem allir höfðu gagn og gaman af.

...:Veidivötn:...

...Frá bókasafninu... ...á Laugalandi...

Opnunartímar
bókasafnsins veturinn
2017/2018 eru:



<u>Mánudagar</u>	kl.08:40-09:30 og kl.11:50-12:30
<u>Þriðjudagar</u>	kl.08:40-09:30 og kl.11:50-12:30
<u>Miðvikudagar</u>	kl.08:40-09:30 og kl.11:50-12:30
<u>Fimmtudagar</u>	kl.08:40-09:30 og kl.19:30-21:30
<u>Föstudagar</u>	kl.12:15-12:45.



Þrónakvöld
verður á bóka-
safninu 1.
fimmtudagskvöld í
mánuði. Allir

velkomnir með handavinnuna
sína, einnig þeir sem vilja bara
hitta fólk eða glugga í blöð og
bækur.

Verið velcomin!

...: Dansvikan:...

Senn líður að dansvikunni sem er
fastur líður við skólann en hún
verður 16.-23. október en ekki
föstudaginn 20. vegna
kennarþings. Að venju kemur
Auður Haraldsdóttir
til okkar og kennir
öllum nemendum
dans á hverjum
degi í eina viku.
Í lok vikunnar er svo
foreldrum nemenda á yngsta- og
miðstigi boðið að koma á sýningu
og sjá afrakstur kennslunnar.



...: Haustball:...

Haustball skólanna þriggja í
Rangárvallasýslu auk skólanna í
Vík og á Kirkjubæjarklaustri
verður haldið fimmtudaginn 5.
október í íþróttahúsinu í
Þykkvabæ.

...:Foreldradagurinn:...

Þann 30. október næstkomandi
er foreldradagur. Þá koma
foreldrar og nemendur í viðtal til
umsjónarkennara til að ræða
nám barnanna. Tímasetningar og
gátlistar fyrir viðtalið fara heim
með nemendum þegar nær
dregur.

Þriðjudaginn 12. september fóru nemendur 9.– 10. bekkjar með
umsjónarkennara sínum Sigurjóni, í Veiðivötn. Farið var snemma morguns frá
Laugalandi og tók Rúnar veiðivörður vel á móti þeim. Hann fræddi hópinn um



Veiðin var heldur dræm þetta árið en
allir skemmtu sér hið besta í þessari
fallegu náttúru.

..... Námskynning ...

Eins og undanfarin ár var foreldrum
boðið að koma í skólann í upphafi
skólaárs og kynna sér helstu áherslur vetrarins. Umsjónarkennarar höfðu
undirbúið heimsóknina og kynntu námsáætlanir, námsefni og þau námsgögn
sem þeir munu styðjast við í vetur. Þessi kynning er kjörið tækifæri fyrir
foreldra til að koma saman og hitta umsjónarkennara barna sinna og ræða
hvers kyns málefni sem varðar þau og starfsánægju þeirra. Starfsfólk skólans
er ánægt með þessa kynningu enda gott samstarf heimila og
skóla mjög mikilvægt til að nám barnanna verði sem best.
Við þökkum þeim foreldrum sem áttu kost á að koma til okkar
kærlega fyrir heimsóknina.



...: Spænska - valgrein ...

Í ár býður Laugalandsskóli upp á spænsku fyrir nemendur í vali
hjá 7., 8., 9. og 10. bekk. Alls eru 12 nemendur í spænsku en kennari er Ragna
Magnúsdóttir. Að hennar sögn eru nemendur mjög áhugasamir um spænsku
almennt en í þessum fyrsta áfanga er markmiðið einkum að nemendur öðlist
munnlega færni og grunnþekkingu á málinu. Auk þess verður námið brotið upp
með menningartímum þar sem nemendur kynnst ýmsum hliðum menningar í
hinum spænsku-mælandi heimi svo sem matargerð,
hátíðum, siðum og venjum.



...: Íþróttatímar ...

Eins og ávallt hjá okkur fer íþróttakennslan af stað með
sundkennslu og útileikfimi fyrstu vikunnar. Tilkynning er send heim þegar
íþróttakennslan færir inn í hús. Stundum kemur upp sú staða að ekki er hægt
að fara í sund m.a. sökum veðurs og þá eru íþróttir. Það er því mikilvægt að í
íþróttatöskunni séu bæði sundföt og íþróttaföt.

